

## Úrslit Hjólum í skólann 2014

Hjólum í skólann árið 2014 stóð frá 12. – 16. september. Alls tóku 19 framhaldsskólar þátt í ár, en það er tveimur fleiri skólum en árið 2013. Þátttakendur voru alls 1.236 og hjólaðir voru 12.528 km eða 9,36 hringir í kringum Ísland. Ferðamáti þátttakenda skiptist svona: hjólað 65,6%, strætó/ganga 19,4%, ganga 11,9%, strætó/hjólað 2,0%, hlaup 1,0%, annað 0,2% og línuskautar 0%.

Til gamans má geta þess að frá því í fyrra þegar Hjólum í skólann var haldið í fyrsta sinn hefur orðin mikil aukning á þeim sem völdu að hjóla í skólann enn hlutfallið var 37,9% í fyrra.

### Úrslit Hjólum í skólann í hverjum flokki fyrir sig voru:

#### 0 – 399 nemendur og starfsmenn

Sæti	Skóli	Þáttökudagar
1. sæti	Menntaskólinn á Ísafirði	0,287
2. sæti	Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	0,225
3. sæti	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,100

\*Alls voru 4 skólar skráðir til leiks í þessum flokki

#### 400 – 999 nemendur og starfsmenn

Sæti	Skóli	Þáttökudagar
1. sæti	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0,405
2. sæti	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0,089
3. sæti	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	0,039

\*Alls voru 5 skólar skráðir til leiks í þessum flokki

#### 1000 o.fl. nemendur og starfsmenn

Sæti	Skóli	Þáttökudagar
1. sæti	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,171
2. sæti	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	0,145
3. sæti	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,107

\*Alls voru 10 skólar skráðir til leiks í þessum flokki